

Rangárþing eystra
Þóra Björk Ragnarsdóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 18. júní 2024
UST202405-284/K.B.B.
10.04.02

Efni: Ósk um umsögn - Lýsing - Breyting á aðalskipulagi - Miðeyjarhólmur

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþing eystra er barst þann 29.5.2024 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi.

Í greinargerð kemur fram að Rangárþing eystra vinnur að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020 - 2032 skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðið sem breytingin nær til er Miðeyjarhólmur (landnr. 163884), stærð jarðarinnar er ekki skráð hjá HMS en gert er ráð fyrir að allt að 150 ha verði skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði. Svæðið er nú skilgreint sem landbúnaðarland L1 og að hluta L2.

Vistgerðir og fuglalíf

Í Skipulagslýsingu kemur fram að samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ er að finna auravist, língresis- og vingulsvist og tún og akurlendi. Að auki er svæðið á suðurlandsundirlendi sem NÍ skilgreinir sem mikilvægt fuglaverndarsvæði vegna mikils fuglalífs og mikilvægra varpsvæða.

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) er að finna sunnanlega á skipulagssvæðinu vistgerðina língresis- og vingulsvist sem eru með hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í língresis- og vingulsvist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíkar vistgerðir til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll, spói og stelkur eru ábyrgðartegundir Íslands.

Ef landsvæðið verður lagt undir skógrækt er hætt við því að ofangreindar varpfuglategundir hörfi og spörfuglar sæki með tíð og tíma í skógræktarsvæðið. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fram komi hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Stofnunin leggur áherslu á að svæðum verði ekki raskað sem hafa vistgerðir með hátt verndargildi og sem eru mikilvæg lífssvæði mófugla.

Virðingarfyllt,

Kristín Björk Birgisdóttir

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri